

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 11. gr. laga nr. 50 1940, um lögreglumenn, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 16. maí 1962.

Bjarni Benediktsson.

Baldur Möller.

REGLUGERÐ

fyrir heilsuverndarstöð Neskaupstaðar.

1. gr.

Hlutverk heilsuverndarstöðvarinnar fyrst um sinn er heilsugæzla í eftirtöldum greinum:

- a. Mæðravernd: Eftirlit með barnshafandi konum.
- b. Barnavernd: Eftirlit með heilsufari ungbarna og barna innan skólaskyldualdurs (0—7 ára) og ónæmisaðgerðir (barnaveiki, stífkrampi, kíghósti, kúabólusetning og ónæmisaðgerðir gegn mænusótt).
- c. Berklavarnir og eftirlit með berklaveikum.
- d. Kynsjúkdómálækningar og eftirlit.

2. gr.

Starfsemin fer fram í húsnæði fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað og verður tilhögun sem hér segir:

- a. Mæðravernd 1. og 3. föstudag hvers mánaðar kl. 1—2 e. h.
- b. Barnavernd 2. og 4. föstudag hvers mánaðar kl. 1—2 e. h.
- c. Berklavarnaftirlit og kynsjúkdómaeftirlit fara fram á móttökutíma sjúkrahússins alla þriðjudaga og fimmtudaga kl. 1—3 e. h., og samkvæmt samkomulagi.

3. gr.

Stjórn sjúkrahússins annast rekstur heilsuverndarstöðvarinnar í umboði bæjarstjórnar Neskaupstaðar, en fjárhagur hennar og allur rekstur skal með öllu fráskilinn rekstri sjúkrahússins.

4. gr.

Um skipting kostnaðar og annað, sem við kemur rekstri heilsuverndarstöðvarinnar, vísast til heilsuverndarlaga nr. 44/1955.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 3. gr. heilsuverndarlaga nr. 44/1955, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 12. maí 1962.

Bjarni Benediktsson.

Baldur Möller.